

Google Duo

Google Ireland Limited („Google“)

Gordon House, Barrow Street, Dublin 4, Írland

<https://support.google.com/>

Tekur gildi 21. desember 2020

Samantekt samnings

- Þessi samantekt samnings lýsir helstu þáttum í þjónustu okkar eins og krafist er samkvæmt lögum ESB¹.
- Henni er ætlað að hjálpa þér að bera saman þjónustutilboð.
- Í öðrum skjölum er að finna frekari upplýsingar um þjónustutilboð okkar.

Þjónusta

Google Duo er myndfundþjónusta sem hægt er að nota í mismunandi tækjum og kerfum gegnum vefviðmót eða forrit. Internettengingar er krafist til að hægt sé að eiga samskipti í Google Duo. Google veitir þjónustu Google Duo með viðunandi færni og vandvirkni, og býður upp á hágæðapjónustu.

Verð

Google Duo er í boði án endurgjalds og fellur notkunin undir reglufylgni við þjónustuskilmála Google (hægt að skoða á <https://policies.google.com/terms>).

Tímalengd, endurnýjun og uppsögn

Þú getur notað Google Duo um leið og þú hefur skráð þig. Þér ber engin skylda til að nota Google Duo í ákveðinn tíma og þér er frjálst að hætta notkun þess hvenær sem er.

Eiginleikar fyrir notendur með fötlun

Þú getur kveikt á skjátextum þegar þú notar Google Duo. Frekari upplýsingar má finna á <https://support.google.com/duo/answer/7660538?hl=en&co=GENIE.Platform=Android>

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Notendapjónusta: Hjálp/stuðningur vegna notkunar á Google Duo er í boði á <https://support.google.com/>.

Ágreiningur: Þú getur hugsanlega leitað með kvartanir til annars aðila sem sinnir lausn deilumála sem getið er í <https://ec.europa.eu/consumers/odr/main/?event=main.adr.show2> eða til annars þjónustuaðila, eins og lög kveða á um í þínu landi. Frekari upplýsingar má finna í þjónustuskilmálum Google.

Öryggisatvik: Google býður upp á tilvikastjórnun allan sólarhringinn til að greina og bregðast við tilvikum sem koma upp í tengslum við öryggi eða persónuvernd án tafar. Google býður einnig upp á öryggisgátlista Google til að hjálpa þér að hafa umsjón með eigin netöryggi.

Persónuupplýsingar: Til þess að geta skráð þig í Google Duo þarftu að gefa upp símanúmerið eða netfangið þitt (eða hvort tveggja). Í persónuverndarstefnu Google (sjá á <https://policies.google.com/privacy>) má finna frekari upplýsingar um þær persónuupplýsingar sem Google safnar þegar þú notar Google Duo. Persónuverndarstefna Google er hvorki hluti samningsins sem þú og Google gerið ykkar á milli né þessarar samantektar.

¹ 3. mgr. 102. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (European Electronic Communications Code) (Stjtfð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).